

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Sigríði Á. Andersen.

Hvernig skiptist losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi á eftirfarandi geira á árinu 2012 þegar tekið er tillit til nýjasta mats á losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi miðað við losunarstuðla í nýjum leiðbeiningum IPCC, sbr. svar ráðherra í 317. máli, þar sem fram kemur að ef miðað er við losunarstuðla í nýjum leiðbeiningum IPCC nemur losun frá framræstu landi í skóglendi 3,6 þúsundum tonna CO₂-ígilda, losun frá framræstu ræktuðu landi 2,16 milljónum tonna CO₂-ígilda og losun frá framræstu mólendi 9,47 milljónum tonna CO₂-ígilda:

- a. rafmagn og hita,
- b. umferð fólksbíla,
- c. aðrar samgöngur en með fólksbílum,
- d. sjávarútveg,
- e. iðnað/efnanotkun,
- f. landbúnað,
- g. úrgang,
- h. framræst mólendi,
- i. framræst skóglendi,
- j. framræst ræktað land,
- k. aðra geira, ef um þá er að ræða?

Spurt er um magnlosun (tonn CO₂-ígildi) og hlutfallslega (%) losun gróðurhúsalofttegunda.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurn um sama efni var lögð fram fyrir á 144. löggjafarþingi (þskj. 1115 í 649. máli). Tölur í svari ráðherra við þeirri fyrirspurn (þskj. 1230 í 649. máli) fyrir losun frá framræstu landi miðað við losunarstuðla í nýjum leiðbeiningum IPCC virðast ekki í samræmi við tölur í svari ráðherra í þskj. 579 í 317. máli. Því er fyrirspurnin lögð fram að nýju.

